



Stjórnarfundur 11 þriðjudaginn 9. janúar 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, , Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson, Ári Jón Eggertsson, Svandís Þorsteinsdóttir..

Afboð og mættu ekki.; Kristín Hálfánardóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Dagskrá

- Mál um höfuðhögg í blaki - viðbragð
- Reglugerð um félagaskipti
- Dagsetning ársþings
- #metoo byltingin
- Önnur mál

Fundargerð

Mál um höfuðhögg í blaki - viðbragð

- Tvö atvik hafa komið upp í vetur. Mikilvægt að áréttu reglur um hvernig taka á svona meiðslum á vellinum.
- Fræðsla til dómara er mikilvæg og fá sjúkráþjálfara til að gefa út punkta með einkennum heilahristings ef þetta kemur upp í leik.
- Tökum þetta alvarlega, heilsa og öryggi í fyrsta sæti og engar leikreglur sem ná yfir það. Hinsvegar þarf að sjá hvort um leikaraskap sé að ræða eða ekki líka.

Reglugerð um félagaskipti

- Setning tekin út í reglugerðinni sem lokar á félagaskipti eftir að frestur er útrunninn. Leikmannahópur liðs ætti því að vera endanlegur 31. janúar ár hvert. Er gert til að félögin hugsji meira fram í tímann.
- Köstum á milli og samþykkjum reglugerðina í tölvupósti.
- Reglugerð verður uppfærð á heimasíðu BLÍ við fyrsta tækifæri en breytingin tekur gildi strax.

Dagsetning ársþings BLÍ

- Nokkur umræða var um dagsetningu ársþings og á endanum ákveðið að þingið yrði sunnudaginn 4. mars kl. 09.00
- Rætt um hvaða reglugerðir þurfi að breyta.

#metoo byltingin

- Rætt um áætlun um hvernig taka skuli á alvarlegum málum sem kunna að koma upp í hreyfingunni sem tengist metoo byltingunni.

Önnur mál

- Hvernig búum við til framtíðarleikmenn. Komu t.d. upp hugmyndir um að búa til úrvalsið eða skólalið sem tekur þátt í úrvalsdeildinni. Nokkur óformleg umræða var um þessa hluti.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

*Fundi slitið kl. 18.15
Jason Ívarsson ritaði fundargerð*